



Gleðilegt ferðasumar



Fréttabréf FFA maí 2023

Ferðir FFA í maí 2023

- 6. maí:** Haus í Staðarbyggðarfjalli
- 13. maí:** Sauðárkrókur-Reykjaströnd. Sögu-, göngu- og menningarferð
- 16. maí:** Barna- og fjölskylduferð. Fuglaskoðun. Brottför kl. 17
- 20. maí:** Fuglaskoðunarferð um Eyjafjörð
- 27. maí:** Strýta

Hreyfiverkefni í maí - júní

Ennþá eru laus pláss í vinsæla hreyfiverkefnið okkar Komdu út og á fjöll. Skráning er á heimasíðu FFA, henni lýkur 12. maí.

Komdu út og á fjöll: Hefst 16. maí. Þyngdarstig er 2-3 skór. [Nánar á heimasíðu FFA](#)

Opið hús hjá FFA 4. maí kl. 20

Frímenn og Konni eiga í farteskinu fjölda mynda og frásagna af ferðum sem þeir hafa farið í saman. Kynning þeirra á ferðakynningunni í VMA 30. mars vakti mikla athygli og núna ætla þeir að segja frá ferðum sínum um Eyjafjörð.

Þetta er síðasta opna húsið fyrir sumarið.



Maí mánuður er einmitt mánuðurinn til að koma sér af stað fyrir sumarið. Hjá FFA eru ferðir á hverjum laugardegi auk þess sem hreyfiverkefnið Komdu út og á fjöll hefst. Kynnið ykkur starfið á heimasíðu FFA.

Tökum skrefið eru sunnudagsgöngur fyrir alla sem áhuga hafa. Lagt af stað kl. 10 frá FFA, gengið í eina klukkustund og svo fáum við okkur kaffi á eftir. Frítt og engin skráning.

Þeir sem hafa greitt árgjaldið fyrir 2023 geta sótt árbókina og tímaritið Ferðir á skrifstofu FFA alla virka daga milli kl. 14 og 17.